

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um kostnað við rannsóknir í heilbrigðisþjónustunni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða breytingar hafa verið gerðar á hlutdeild sjúklinga í kostnaði við rannsóknir, þar á meðal röntgenrannsóknir, í heilbrigðisþjónustunni frá 1995? Upplýsingar óskast um hvenær hver breyting var gerð og hvað fólst í henni.

Reglugerð nr. 14/1993 tók gildi 25. janúar 1993.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent var til rannsóknar á rannsóknastofu var greiðsla sjúklings sem hér segir:

sjúkratryggðir almennt: 900 kr.
lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta 300 kr.

Fyrir hverja komu til röntgengreiningar:

sjúkratryggðir almennt: 900 kr.
lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta 300 kr.

Þegar sjúkratryggðir einstaklingar á aldrinum 16– 67 ára höfðu greitt 12.000 kr. á sama almanaksári áttu þeir rétt á afsláttarskírteini. Sama átti við um börn undir 16 ára aldri þegar greiddar höfðu verið fyrir þau 6.000 kr. á sama almanaksári. Börn undir 16 ára aldri í sömu fjölskyldu töldust einn einstaklingur. Elli- og örorkulífeyrisþegar áttu rétt á afsláttarskírteini þegar þeir höfðu þurft að greiða 3.000 kr. á sama almanaksári.

Sjúkratryggðir einstaklingar með afsláttarskírteini þurftu að greiða sem hér segir fyrir röntgengreiningu og rannsóknir:

sjúkratryggðir almennt: 300 kr.
lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta 100 kr.

Reglugerð nr. 68/1996 tók gildi 1. febrúar 1996.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýnum sendum til rannsóknar á rannsóknastofu var greiðsla sjúklings sem hér segir:

sjúkratryggðir almennt: 1.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta 300 kr.

Fyrir hverja komu til röntgengreiningar:

sjúkratryggðir almennt: 1.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta 300 kr.

Þegar sjúkratryggðir einstaklingar á aldrinum 16–70 ára höfðu greitt 12.000 kr. á sama almanaksári áttu þeir rétt á afsláttarskírteini. Sama átti við um börn undir 16 ára aldri þegar greiddar höfðu verið fyrir þau 6.000 kr. á sama almanaksári og elli- og örorkulífeyrisþega þegar þeir höfðu þurft að greiða 3.000 kr. á sama almanaksári.

Sjúkratryggðir með afsláttarskírteini þurftu að greiða sem hér segir fyrir röntgengreiningu og rannsóknir:

sjúkratryggðir almennt: 400 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta 100 kr.

Reglugerð nr. 236/1999 tók gildi 8. apríl 1999.

Gjöld fyrir hverja komu barna yngri en 18 ára til rannsóknar og röntengreiningar voru lækkuð úr 900 kr. í 300 kr. til samræmis við gjöld fyrir lífeyrisþega.

Reglugerð nr. 509/2001 tók gildi 1. júlí 2001.

Fyrir hverja komu til röntgengreiningar þurfti sjúklingur að greiða:

sjúkratryggðir almennt: 1.500 kr. + 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 6.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn yngri en 18 ára sem njóta umönnunarbóta 500 kr. + 13,33% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 6.000 kr.

Viðmiðunarupphæð til að fá afsláttarskírteini hækkaði í 18.000 kr. fyrir sjúkratryggða einstaklinga á aldrinum 16–70 ára og í 4.500 kr. fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Óbreytt viðmiðun var fyrir börn, 6.000 kr.

Greiðslur fyrir röntgengreiningu sjúkratryggðra með afsláttarskírteini breyttust sem hér segir:

sjúkratryggðir almennt: 500 kr. + 13,33% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er, þó að hámarki 6.000 kr.
elli- og örorkulífeyrisþegar og börn yngri en 18 ára sem njóta umönnunarbóta $\frac{1}{3}$ af fullu gjaldi, að lágmarki 200 kr. og að hámarki 6.000 kr.

Reglugerð nr. 953/2001 tók gildi 1. janúar 2002.

Reglugerðin fól í sér að börn með umönnunarkort, samkvæmt reglugerð um fjárhagslega aðstoð við framfærundur fatlaðra og langveikra barna, skyldu greiða 100 kr. fyrir rannsókn en $\frac{1}{3}$ af fullu gjaldi fyrir röntgenrannsókn, að lágmarki 200 kr. en að hámarki 18.000 kr. fyrir hverja komu.

Hámarksgreiðsla fyrir röntgengreiningu hækkaði í 18.000 kr.

Breytingar á hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við rannsóknir.

	Reglugerð 14/1993 25. jan. 1993	Reglugerð 68/1996 1. febr. 1996	Reglugerð 236/1999 8. apríl 1999	Reglugerð 509/2001 1. júlí 2001	Reglugerð 953/2002 1. jan. 2002
Koma í röntgenrannsókn					
Lífeyrisþegar	300 kr.	300 kr.	300 kr.	500 kr. + 13,33%	óbreytt
Börn með umönnunarkort*	300 kr.	300 kr.	300 kr.	500 kr. + 13,33%	1/9 af alm. gjaldi
Börn	900 kr.	900 kr.	300 kr.	500 kr. + 13,33%	
Aðrir	900 kr.	900 kr.	1.000 kr.	1.500 kr. + 40%	óbreytt
Koma í rannsókn					
Lífeyrisþegar	300 kr.	300 kr.	300 kr.	óbreytt	óbreytt
Börn með umönnunarkort*	300 kr.	300 kr.	300 kr.	óbreytt	100 kr.
Börn	900 kr.	900 kr.	300 kr.	óbreytt	
Aðrir	900 kr.	900 kr.	1.000 kr.	óbreytt	óbreytt
Afsláttarþak					
Lífeyrisþegar	3.000 kr.	3.000 kr.	3.000 kr.	4.500 kr.	óbreytt
Börn í sömu fjölskyldu	6.000 kr.	6.000 kr.	6.000 kr.	6.000 kr.	óbreytt
Aðrir	12.000 kr.	12.000 kr.	12.000 kr.	18.000 kr.	óbreytt
Hámark greiðslu á hverja komu					
Allir hópar				6.000 kr.	18.000 kr.
Greiðslur þegar afsláttarþaki er náð					

Þegar afsláttarþaki er náð lækka greiðslur sjúkratryggðra við komu hvort heldur er á heilsugæslustöð eða til sérfræðilæknings. Fyrir sérfræðilæknisþjónustu er almenna reglan sú að einstaklingur greiðir u.þ.b. þriðjung þess gjalds sem hann greiddi áður.

*Frá 1. janúar 2002 greiða börn með umönnunarkort fyrir heilbrigðisþjónustu eins og væru þau búin að ná afsláttarþaki, en fram að þeim tíma greiddu þau fyrir þjónustuna eins og önnur börn.